

## Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps,

haldinn 21. apríl 2020 gegnum fjarfundaforritið Zoom, kl. 17:00.

### Fundur nr. 169.

Mættir eru:

Porsteinn M. Kristinsson, formaður (D), Anna Magdalena Buda (D), Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir (D), Arndís J. Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z) sem ritar fundargerð.

Jón Hrafn Karlsson (D) boðaði forföll.

#### Kl. 17:00 - Fræðslunefnd.

##### 1) Staða fræðslumála almennt.

Covid-19 hefur haft nokkur áhrif, bæði í skipulagi í skólastarfi og leikskólinn lokaði í nokkra daga í forvarnaskyni. Nokkrar breytingar hafa orðið á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

##### 2) Önnur mál.

Vinna í gangi í skipulagi þekkingarseturs. Fræðslunefnd óskar þess að horft verði til þess að kennsluvæði skólastofnananna sé ekki klofið upp með því að setja þekkingarsetrið á neðri hæð heimavistarinnar. Æskilegra væri að flytja tónlistarskólann niður á 1. hæðina og þekkingarsetrinu yrði fundinn staður á efri hæðinni. Þannig er einnig hægt að komast hjá því að raska nýrri heimilisfræðistofu, með tilheyrandi kostnaði.

#### Kl. 17:30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Til fundarins mætir Zbigniew Zuchowicz.

##### 1) Aðgerðaáætlun sveitarfélagsins vegna covid 19.

Skv útgefinni aðgerðaáætlun skal tónlistarkennsla vera eingöngu bundin við fjarkennslu. Fræðslunefnd óskar þess að áætluninni verði breytt á eftirfarandi hátt:

- i) Heimsóknir bannaðar.
- ii) Einkakennsla er heimil en tryggja þarf a.m.k. tveggja metra fjarlægðatakmarkanir milli nemanda og kennara.
- iii) Allt samspil nemenda er óheimilt meðan takmarkanir eru á skólastarfi.
- iv) Tryggja þarf sóttthreinsun snertiflata, s.s. hljóðfæra og annars húsbúnaðar milli kennslustunda.
- v) Tónlistarkennarar fylgja nemendum í og úr kennslustundum.

##### 2) Önnur mál.

Vinna í gangi í skipulagi þekkingarseturs. Fræðslunefnd kallar eftir afstöðu skólastjóra tónlistarskólans varðandi hugmyndir að aðstöðu fyrir tónlistarskólann í fyrirhuguðum breytingum.

#### Kl. 18:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar mæta til fundar undir þessum lið:

Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri, Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra og Inga Lóa Hannesdóttir, fulltrúi kennara.

- 1) **Aðgerðaáætlun sveitarfélagsins vegna covid 19.**  
Hefur gengið vel að fylgja áætlun. Áheyrnarfulltrúar upplýstir um tillögu fræðslunefndar um rýmkun á aðgerðaáætlun tónlistarskólans.
- 2) **Starfsmannamál.**  
Tveir kennarar að fara í fæðingarorlof á næsta skólaári. Tveir leiðbeinendur í starfi og það þarf einnig að auglýsa stöður þeirra. Búið að auglýsa á heimasíðu hreppsins og Job.is. Áformað er að auglýsa saman eftir sérkennara fyrir leik- og grunnskólann.
- 3) **Starfsáætlun.**  
Skólastjóri leggur fyrir starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020. Starfsáætlun samþykkt.
- 4) **Skólanámskrá.**  
Skólastjóri leggur fyrir skólanámskrá fyrir skólaárið 2019-2020. Skólanámskrá samþykkt.
- 5) **Drög að skóladagatali.**  
Drög að skóladagatali lögð fyrir fræðslunefnd. Fræðslunefnd hefur engar athugasemdir. Drögin eiga svo eftir að fara í samráð með foreldrafélaginu, kennurum og leikskólastjóra. Skóladagatalið verður svo lagt fyrir fræðslunefnd til samþykktar á næsta fundi.
- 6) **Önnur mál.**  
Skipulag húsnæðismála í húsnæði Kirkjubæjarskóla með tilkomu þekkingarsetursins. Ýmsar hugmyndir um skipulag. Málin í vinnslu.

#### **Kl. 18:45 - Heilsuleikskólinn Kæríbær.**

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar mæta til fundar undir þessum lið:

Guðrún Sigurðardóttir, skólastjóri, og Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra.

- 1) **Aðgerðaáætlun sveitarfélagsins vegna covid 19.**  
Hefur gengið vel að fara eftir áætlun. Mikið álag á starfsfólki. Fræðslunefnd vill koma á framfæri þakklæti til starfsfólks Kærabæjar fyrir frábært og lausnamiðað starf í flóknum kringumstæðum.
- 2) **Starfsmannamál.**  
Fullmannað á leikskólanum. Ekki vitað til að það vanti fólk fyrir næsta vetur en auglýst verður eftir sérkennara í samstarfi við grunnskólann.
- 3) **Starfsáætlun 2019 – 2020.**  
Starfsáætlun lögð fyrir fræðslunefnd og samþykkt.
- 4) **Samskiptastefna 2020.**  
Samskiptastefna kynnt fyrir fræðslunefnd. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.
- 5) **Handbók um skjalavörslu.**  
Handbók kynnt fyrir fræðslunefnd. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.
- 6) **Reglur Heilsuleikskólans um veikindi.**  
Reglur um veikindi lagðar fyrir fræðslunefnd. Fræðslunefnd samþykkir reglurnar.
- 7) **Móttökuáætlun nýrra barna**  
Móttökuáætlun kynnt. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.
- 8) **Samningur milli ábyrgðaaðila persónuupplýsinga og vinnsluaðila persónuupplýsinga.**

Samningur kynntur. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.

**9) Önnur mál.**

Engin önnur mál.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45**

**Þorsteinn M. Kristinsson**

**Anna Magdalena Buda**

**Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir**

**Arndís Jóhanna Harðardóttir**

**Fanney Ásgeirsdóttir**